



Verklagsreglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra

Efnisyfirlit

1.0. Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar	3
2.0. Kínamúrar	4
3.0. Viðskipti félagsins fyrir eigin reikning	7
4.0. Eigin viðskipti starfsmanna og aðila sem eru tengdir starfsmönnum þess fjölskylduböndum	7
5.0. Viðskipti stjórnarmanna og aðila sem eiga virkan eignarhlut.....	10
6.0. Þátttaka starfsmanna í stjórnnum og öðrum atvinnurekstri.....	10
7.0. Regluvörður og eftirlit með framkvæmd reglnanna.....	10
8.0. Yfirlýsing starfsmanns	11
9.0. Viðurlög o.fl.....	11

1.0. Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar

- 1.0. Tilgangur þessara reglna er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi Virðingar hf., auka trúverðugleika og draga úr hættu á hlutdrægni við meðferð og afgreiðslu mála. Starfsmenn og stjórn Virðingar skulu kappkosta við að gæta yfstrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina í verðbréfavíðskiptum og að fullur trúnaður ríki gagnvart þeim.
- 1.1. Reglur þessar taka til starfsmanna félagsins og aðila sem eru tengdir starfsmönnum þess fjölskylduböndum, eins og þeir eru skilgreindir nánar að neðan, eftir því sem við á. Þá taka reglurnar til eignarhaldsfélaga allra framangreindra aðila, sem og annarra félaga þar sem þeir geta með beinum eða óbeinum hætti tekið ákvörðun um viðskipti sem falla undir reglur þessar. Starfsmenn hafa undirritað yfirlýsingu þess efnis að þeir hafi kynnt sér efni reglnanna og skuldbinda sig til að lúta þeim. Upplýsa skal regluvörð um þau tilvik er maki starfsmanns starfar hjá öðru fjármálafyrirtæki.
- 1.2. Reglur þessar taka til viðskipta með fjármálagerninga, sbr. skilgreiningu laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Þá taka þær einnig til viðskipta með gjaldmiðla eftir því sem við á. Reglurnar taka þó ekki til kaupa og sölu á gjaldeyri til greiðslu fyrir vörur eða þjónustu eða vegna ferðalaga erlendis og stundar víðskipti með gjaldeyri vegna greiðslu á skuldum í erlendum gjaldeyri.
- 1.3. Reglur þessar eru settar á grundvelli 3. mgr. 6. og 8. gr. laga nr. 108, 2007 um verðbréfavíðskipti og 6. og 10. gr. reglugerðar nr. 995, 2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Reglurnar eru til leiðbeiningar en ekki tæmandi talning á því efni sem þær taka á. Þó skal starfsmönnum og stjórnendum vera það ljóst og teljast þeir fallast á það með undirritun sinni á reglur þessar, að Virðingu hf. er heimilt að krefjast þess að víðskipti þeirra, sem að álit félagsins eru tortryggileg, gangi til baka, eða að hagnaður af slíkum víðskiptum verði gerður upptækur.
- 1.4. Reglum þessum til fyllingar eru lög og reglur sem settar hafa verið um starfsemi fjármálamarkaðarins. Þá hefur Virðing hf. sett sér reglur og mótað stefnu um ákveðna þætti starfsemi sinnar, en þær sérreglur skulu ganga framur þessum reglum, þó þannig að víðskiptavinir Virðingar hf. njóti aldrei lakari verndar en tryggð er með reglum þessum.

1.5. Skilgreiningar

- 1.5.1. Í þessum reglum merkir:
- 1.5.2. Starfsmenn Virðingar hf.:
- a) Stjórnarmenn félagsins, meðeigendur, eða samsvarandi aðilar, stjórnendur eða einkaumboðsmenn þess.
 - b) Stjórnarmenn, meðeigendur, eða samsvarandi aðilar, eða stjórnarmenn hjá einkaumboðsmanni félagsins.
 - c) Starfsmenn félagsins eða einkaumboðsmanns þess, eða hverjir þeir einstaklingar sem starfa undir stjórn félagsins eða einkaumboðsmanns þess og eiga þátt í að veita þjónustu félagsins á sviði verðbréfavíðskipta.
 - d) Einstaklingar sem eiga beinan þátt í að veita félaginu eða einkaumboðsmanni þess þjónustu á grundvelli samnings um útvistun þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta.
- 1.5.3. Aðilar sem tengdir eru starfsmönnum fjölskylduböndum:
- a) Maki, maki í staðfestri samvist eða sambúðarmaki starfsmanns.
 - b) Barn, kjörbarn eða stjúp barn starfsmanns, sem er á hans framfæri.

- c) Önnur skyldmenni starfsmanns sem búið hafa á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár miðað við þann dag sem tiltekin viðskipti fara fram.

1.5.4. Eigin viðskipti:

Viðskipti með fjármálagerning sem framkvæmd eru af eða fyrir hönd starfsmanns Virðingar hf. þegar a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- a) Viðskiptin eiga sér stað utan verksviðs hlutaðeigandi starfsmanns.
- b) Viðskiptin eru innt af hendi fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum:
 - i) Starfsmanns Virðingar hf.,
 - ii) Aðila sem tengdur er starfsmanni Virðingar hf. fjölskylduböndum eða aðila sem tengist starfsmanni Virðingar hf.,
 - iii) Aðila sem er í slíkum tengslum við starfsmenn Virðingar hf. að sá síðarnefndi hefur beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu viðskiptanna, að undanskilinni þóknun eða umboðslaunum fyrir framkvæmd þeirra.

2.0. Kínamúrur

2.1. Almenn

- 2.1.1. Virðing hf. kappkostar að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptamönnum sínum og gerir allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, sbr. 6. og 8. gr. laga nr. 108, 2007, m.a. með aðskilnaði einstakra starfssviða í samræmi við starfsheimildir félagsins og aðskilnaði húsnaðis og tölvukerfis í einu og öllu frá starfsemi annarra aðila, hverju nafni sem þeir nefnast.
- 2.1.2. Til viðbótar og fyllingar þeim ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í þessum kafla er stefna Virðingar um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, en hún mælir meðal annars fyrir um aðgerðir til að greina og bregðast við hagsmunaárekstrum og hvernig tekið skal á hagsmunaárekstrum með sanngjörnum og eðlilegum hætti komi þeir upp.

2.2. Starfsheimildir

- 2.2.1. Félagið starfar samkvæmt starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu, sbr. 25. gr. laga nr. 161, 2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið starfar í samræmi við útgefin starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu hverju sinni.

2.3. Starfsmenn, hlutverk og skipting verka

- 2.3.1 Starfsemi er heyrir undir reglur þessar skal aðgreind eftir starfssviðum. Eignastýring, fyrirtækjaráðgjöf, bakvinnsla og markaðsviðskipti skulu hvert vera á eigin svæði, þ.e. húsnaðislegur aðskilnaður skal vera milli þessara sviða.

- 2.3.2 Viðskipti fyrir eigin reikning takmarkast við ávöxtun þeirra fjármuna sem bundnir eru í félaginu og eru á ábyrgð framkvæmdastjóra þess.
- 2.3.3 Endurskoðun reikninga félagsins skal falin endurskoðunarskrifstofu. Önnur endurskoðunarskrifstofa annast innra eftirlit. Regluvörslu er sinnt af starfsmanni félagsins.

2.4. Takmarkandi listi og vöktunarlisti

- 2.4.1. Öðlist starfsmaður félagsins upplýsingar um útgefanda verðbréfa sem teljast til trúnaðarupplýsinga samkvæmt lögum nr. 108, 2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra, ber að setja verðbréf viðkomandi útgefanda á takmarkandi lista eða vöktunarlista.
- 2.4.2. Takmarkandi listi: Þegar verðbréf útgefanda eru sett á takmarkandi lista er félaginu og starfsmönnum þess óheimilt að veita ráðleggingar um viðkomandi verðbréf. Starfsmönnum félagsins og aðilum sem eru tengdir þeim, er jafnframt óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning.
- 2.4.3. Vöktunarlisti: Þegar verðbréf útgefanda eru sett á vöktunarlista er félaginu, starfsmönnum þess og aðilum sem eru tengdir þeim óheimilt að eiga viðskipti með verðbréfin.
- 2.4.4. Taka skal verðbréf útgefanda af takmarkandi lista og vöktunarlista þegar upplýsingar sem um ræðir hafa verið gerðar opinberar samkvæmt lögum um verðbréfavíðsþipti nr. 108, 2007 og 22. og 23. gr. laga nr. 110, 2007 um kauphallir.
- 2.4.5. Halda skal skrá innan félagsins yfir þau tilvik þegar verðbréf útgefanda eru sett á takmarkandi lista og vöktunarlista. Tilkynna skal regluverði um öll slík tilvik.

2.5. Aðskilnaður húsnæðis

- 2.5.1. Félagið er til húsa að Digranesvegi 1, 200 Kópavogi. Húsnæði félagsins er aðskilið frá starfsstöðvum annarra fyrirtækja og stofnana sem eru til húsa í sömu byggingu. Lyklavöld að húsnæði félagsins takmarkast við starfsmenn þess. Gerður hefur verið samningur við Securitas hf., Síðumúla 23, Reykjavík, um að annast vöktun á húsnæði félagsins.
- 2.5.2. Starfsemi félagsins á sviði eignastýringar, markaðsviðskipta, bakvinnslu og fyrirtækjaráðgjafar skulu aðskilin frá annarri starfsemi félagsins í húsnæði þess. Aðgangur að rýmum sem hýsa sviðin skulu vera aðgangsstýrð og takmarkast aðgangur við starfsmenn hvers sviðs.

2.6. Aðskilnaður tölvukerfa

- 2.6.1. Virðing hefur samið sérstaklega við utanaðkomandi fyrirtæki um hýsingu gagna félagsins, á fjórum netþjónum. Um er að ræða netþjón vegna SAXESS viðskiptakerfisins, netþjón vegna vinnslu Navision verðbréfakerfis (bókhaldsgögn), netþjón vegna skjala og tölvupóstgagna starfsmanna og vara SAXESS netþjón. Aðgangur að netþjónum félagsins takmarkast við

starfsmenn fyrirtækisins og er bundinn lykilorðum sem einungis starfsmenn Virðingar hafa vitneskju um.

- 2.6.2. Í vélasalnum eru netþjónar annarra aðila þar sem aðgangur er einnig bundinn lykilorðum sem starfsmenn félagsins hafa ekki aðgang að.
- 2.6.3. Undir venjulegum kringumstæðum er aðgengi starfsmanna félagsins að netþjónunum allt frá skrifstofu félagsins, nema þeir hafi vpn tengingu, en þá geta þeir tengst inn frá öðrum stöðum.
- 2.6.4. Vélasalurinn þar sem netþjónarnir eru geymdir uppfyllir allar almennar kröfur sem gerðar eru til húsnæðis sem hýsir slíkan búnað.
- 2.6.5. Sérstakur nafnalisti er skilgreindur yfir aðgangsstýringar á sameiginlegum skjalasvæðum hjá Virðingu, en aðgangur starfsmanna í önnur kerfi er takmarkaður með viðeigandi kenni- og aðgangsorðum. Aðgangur hvers starfsmanns er bundinn kenni- og aðgangsorðum sem einungis viðkomandi starfsmaður hefur vitneskju um.

2.7. *Fjárhagslegur aðskilnaður*

- 2.7.1. Fjárhagslegur aðskilnaður er milli eignastýringarsviðs, fyrirtækjaráðgjafarog markaðsviðskipta í tölvukerfi félagsins. Starfsmenn hvers sviðs skulu hlúa að hagsmunum þess og viðskiptamanna þess.

Í þessu felst að starfsmenn á einu sviði hafa ekki aðgang að fjárhagsupplýsingum um afkomu annarra sviða eða áhrif einstakra viðskipta á uppgjör þeirra. Afkomutenging í launakjörum starfsmanna innan eins sviðs, tekur ekki mið af uppgjöri annarra sviða.

Tryggt skal að hagsmunaárekstrar verði ekki vegna tekna og gjalda einstakra sviða, sem skal haldið aðgreindum. Sameiginlegur kostnaður við starfsemi verðbréfafyrirtækisins skal sértilgreindur til aðgreiningar frá kostnaði einstakra sviða.

2.8. *Meðferð trúnaðarupplýsinga*

- 2.8.1. Í samskiptum milli starfssviða félagsins, s.s. á sameiginlegum fundum starfsmanna, eða vegna einstakra verkefna, skal þess ávallt gætt að unnið sé eftir ströngustu reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga með það að höfuðmarkmiði að tryggja að trúnaðarupplýsingar berist ekki milli starfssviða.
- 2.8.2. Starfsmönnum sem búa yfir trúnaðarupplýsingum ber að gæta þess í hvívetna að upplýsingar berist ekki óviðkomandi aðilum. Trúnaðarupplýsingum skal þannig haldið innan eins þröngs hóps manna og kostur er hverju sinni. Miðlun trúnaðarupplýsinga skal vera í eðlilegu sambandi við starf og stöðu viðkomandi og að fengnu leyfi yfirmanns.
- 2.8.3. Allar sendingar sem bera með sér að innihalda trúnaðarmál skulu einungis gerðar sýnilegar þeim sem skráður er sem viðtakandi upplýsinganna og yfirmanni hans.
- 2.8.4. Meðhöndla skal afrit trúnaðarupplýsinga með sama hætti og um frumrit væri að ræða.

- 2.8.5. Ganga skal frá tölvubúnaði með þeim hætti að tryggt sé að óviðkomandi hafi ekki aðgang að búnaðinum. Aðgangs- og kenniorð að tölvum skulu varðveitt á tryggum stað og með þeim hætti að einungis þeir aðilar sem málið varðar hafi aðgang að.
- 2.8.6. Notast skal við aðgangslökun að tölvuskjám þurfi starfsmaður að yfirgefa vinnustöð sína lengur en 5 mínútur. Í þeim tilfellum skal vitneskja um aðgangs- og kenniorð takmarkast við viðkomandi starfsmann og yfirmann hans. Eigi starfsmenn erindi á önnur starfssvið en sín eigin skal ávallt gæta þess að þær aðstæður skapist ekki að viðkomandi starfsmönnum sé kleift að komast yfir trúnaðarupplýsingar.

3.0. Viðskipti félagsins fyrir eigin reikning

- 3.1. Í þeim tilvikum sem félagið stundar viðskipti fyrir eigin reikning í því skyni að ávaxta það fé sem bundið er í félaginu skal félagið kappkosta að láta viðskipti fyrir eigin reikning ekki á nokkrun hátt rekast á við hagsmuni viðskiptamanna og forðast í hvívetna að haga viðskiptum sínum þannig að tilefni sé til að ætla að það stangist á við hagsmuni viðskiptamanna.
- 3.2. Viðskipti félagsins eða tilboð um viðskipti skulu ekki hafa nokkurn forgang á beiðnir sem áður hafa borist. Viðskiptanóta félagsins skal bera með sér áritun ef mótaðili í viðskiptum er félagið sjálft.
- 3.3. Í þeim tilfellum er félagið á viðskipti við fjárvörsluþega án fyrirfram samþykkis viðkomandi fjárvörsluþega, þ.e. þegar um er að ræða aðila sem veitt hefur félaginu einhliða og ótakmarkað umboð til viðskipta, skal upplýsa fjárvörsluþega um viðskiptin þegar að þeim loknum og gæta þess í hvívetna að við viðskiptin sé gætt að þeim skyldum sem hvíla á félaginu samkvæmt 8. gr. laga nr. 108, 2007, 19. gr. reglugerðar nr. 995, 2007 og að stefnu Virðingar um hagsmunaáreksra. Félaginu ber að láta fjárvörsluþega í té skriflegan rökstuðning fyrir viðskiptunum sé þess óskað. Sama gildir um aðra aðila með sambærilegt réttarsamband við félagið, þ.e. þegar félagið hefur einhliða og ótakmarkað umboð til viðskipta fyrir hönd aðila.
- 3.4. Starfsmönnum félagsins ber að upplýsa viðskiptamenn í ráðleggingum um viðskipti með verðbréf ef félagið hefur sjálft hagsmuna að gæta og upplýsingar um það eru viðkomandi starfsmönnum aðgengilegar.

4.0. Eigin viðskipti starfsmanna og aðila sem eru tengdir starfsmönnum þess fjölskylduböndum

4.1. Markmið og gildissvið

- 4.1.1. Markmið þessa kafla er að koma í veg fyrir að starfsmenn Virðingar hf. sem koma að starfsemi sem valdið gæti hagsmunaáreksrum eða hafa aðgang að innherja-, eða trúnaðarupplýsingum sem tengjast viðskiptavinum eða viðskiptum við eða fyrir viðskiptavini
 - a) stofni til eigin viðskipta sem óheimil eru samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, fela í sér misnotkun eða óviðeigandi birtingu trúnaðarupplýsinga eða stangast á við skyldur fjármálafyrirtækja.

- b) veiti öðrum aðila ráðgjöf eða aðstoð við að stofna til viðskipta með fjármálagerninga, upplýsingar eða álit sem líklegt er að leiði til stofnunar viðskipta aðilans eða annars aðila, þannig að fari í bága við reglur um verðbréfavíðskipti.
- 4.1.2. Reglur þessa kafla skulu ekki gilda um eigin viðskipti starfsmanna Virðingar hf. þegar:
- a) viðskiptin eru framkvæmd í eignastýringu þar sem engin samskipti hafa farið fram í tengslum við viðskiptin milli þess er stýrir eignasafninu og hlutaðeigandi starfsmanns.
 - b) þum er að ræða viðskipti með hlutdeildarskírteini í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum sem uppfylla skilyrði laga nr. 30, 2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði, að því tilskyldu að hlutaðeigandi starfsmaður taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs.

4.2. Verklag við framkvæmd eigin viðskipta

- 4.2.1. Starfsmenn skulu tilkynna regluverði skriflega um fyrirhuguð viðskipti sín áður en markaðir opna og skal regluvörður án tafar taka afstöðu til málsins. Starfsmanni er óheimilt að eiga viðskipti nema regluvörður veiti samþykki sitt fyrir þeim. Gert er ráð fyrir að viðskipti fari fram sama dag og regluvörður veitir samþykki sitt. Starfsmenn njóta ekki sérkjara í viðskiptum.
- 4.2.2. Starfsmenn skulu gæta þess í hvítvetna að viðskipti þeirra fyrir eigin reikning stangist ekki á við hagsmuni viðskiptamanna félagsins. Þrátt fyrir að regluvörður taki afstöðu til viðskipta, eru þau alfarið á ábyrgð viðkomandi starfsmanns.
- 4.2.3. Innkomnar beiðnir viðskiptamanna um viðskipti skal afgreiða áður en starfsmönnum er heimilt að eiga viðskipti með verðbréf sama flokks. Þeim starfsmönnum sem annast kaup eða sölu verðbréfa yfir tiltekið tímabil skv. beiðni viðskiptamanns er óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning með verðbréf sama flokks fyrir en viðskiptum viðskiptamanns er lokið.
- 4.2.4. Starfsmönnum félagsins er óheimilt að annast sjálfir frágang eigin viðskipta og viðskipta aðila sem eru tengdir þeim fjölskylduböndum.

4.3. Milliganga um viðskipti starfsmanna

- 4.3.1. Starfsmenn félagsins skulu kappkosta að öll viðskipti þeirra fari fram fyrir milligöngu félagsins þar sem þau eru skráð sérstaklega. Ef það einhverra hluta vegna reynist ekki framkvæmanlegt skal engu að síður tilkynna regluverði um viðskiptin sem skal þá gefa álit sitt án tafar.
- 4.3.2. Viðskipti skulu fara fram með þeim hætti að starfsmaður, sendir bréf eða tölvupóst með ósk um afgreiðslu viðskiptanna ásamt samþykki regluvarðar fyrir þeim til starfsmanns Virðingar hf., sem hefur verið fyrirfram skilgreindur til þess að annast viðskipti starfsmanna. Sá aðili sér um að framkvæma viðskiptin og koma viðeigandi gögnum til þess aðila innan Virðingar hf. sem annast uppgjör viðskiptanna. Öll gögn um afgreiðslu og uppgjör viðskiptanna skulu send regluverði um leið og þau eru tilbúin og skal regluvörður útbúa sérstaka skrá um þau.

4.4. Viðskipti með óskráð verðbréf

- 4.4.1. Starfsmönnum félagsins er óheimilt að eiga viðskipti með óskráð verðbréf nema um sé að ræða þátttöku í almennu útboði verðbréfa. Þó er starfsmönnum heimilt að eiga viðskipti með óskráð verðbréf ef um er að ræða félög sem ekki eru virk viðskipti með og hafa ekki fjárfestingar að markmiði. Starfsmönnum er jafnframt heimilt að eiga viðskipti með óskráða afleiðusamninga ef undirliggjandi verðbréf eru skráð.

4.5. Eignarhaldstími verðbréfa

- 4.5.1. Eignarhaldstími verðbréfa sem starfsmenn félagsins kaupa skal að lágmarki vera þrjú mánuðir. Starfsmönnum er þó heimilt að selja verðbréf sín innan þriggja mánaða sé markaðsverð verðbréfanna orðið lægra en upphaflegt kaupverð þeirra. Heimilt er að veita starfsmanni undanþágu frá reglu þessari um lágmarks eignarhaldstíma vegna sérstakra aðstæðna. Í þeim tilvikum skal óskað eftir álitni regluvarðar.
- 4.5.2. Reglur um eignarhaldstíma gilda ekki um kaup starfsmanna á hlutdeildarskírteinum verðbréfa- eða fjárfestingarsjóða, skuldabréf sem starfsmenn eignast við sölu fjármuna sinna og verðbréf sem voru í eigu starfsmanna áður en reglurnar tóku gildi gagnvart þeim.
- 4.5.3. Reglur um eignarhaldstíma gilda ekki um verðbréf sem eru skráð á erlendum verðbréfamörkuðum.

4.6. Þátttaka í útboðum verðbréfa

- 4.6.1. Starfsmönnum félagsins er óheimilt að taka þátt í útboðum verðbréfa félagsins sjálfs eða sem félagið annast fyrir hönd annarra útgefanda. Þó er starfsmönnum heimilt að taka þátt í útboðum verðbréfa þar sem óskað er eftir tilboðum í hluti á föstu gengi, en ekki tilboðum um verð einstakra bréfa, gengi eða vaxtakjör og þeir gangi ekki fyrir sem fyrstir skrá sig. Tilboð starfsmanna skulu berast umsjónaraðila við upphaf fyrsta tilboðsdags.

4.7. Þátttaka í fjárfestingarfélögum

- 4.7.1. Starfsmönnum félagsins er óheimilt að taka þátt í fjárfestingarhópum eða öðrum sambærilegum félagsskap sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að verðbréfakaupum.

4.8. Verðbréfaeign við upphaf starfs

- 4.8.1. Starfsmenn félagsins skulu við upphaf starfa greina regluverði frá verðbréfaeign sinni. Starfsmenn skulu einnig gera regluverði grein fyrir verðbréfaeign sinni þegar nýjar reglur um verðbréfaviðskipti taka gildi.

5.0. Viðskipti stjórnarmanna og aðila sem eiga virkan eignarhlut

- 5.1. Félagið skal gæta þess í hvívetna í viðskiptum sínum við stjórnarmenn, varamenn í stjórn, endurskoðendur og aðila sem eiga virkan eignarhlut í félaginu að viðskiptum séu ekki á nokkurn hátt tortryggileg eða rýri trúverðugleika þeirra og félagsins.
- 5.2. Óskir ofangreindra aðila um viðskipti við félagið skulu meðhöndlaðar á sama hátt og óskir annarra viðskiptamanna og ekki njóta forgangs á nokkurn hátt. Skrá skal viðskipti við ofangreinda aðila sérstaklega og eftirlit haft með þeim á sama hátt og viðskiptum starfsmanna.
- 5.3. Til viðbótar við ákvæði þessa kafla og þeim til fyllingar eru starfsreglur stjórnar Virðingar.

6.0. Þátttaka starfsmanna í stjórnnum og öðrum atvinnurekstri

- 6.1. Starfsmönnum félagsins er óheimilt að taka sér sæti í stjórn annarra fyrirtækja eða þiggja laun frá öðrum fyrirtækjum án leyfis stjórnar fyrirtækisins. Starfsmenn skulu upplýsa stjórn félagsins án tafar um aukastörf sem þeir hafa með höndum eða hafa í hyggju að taka að sér.

7.0. Regluvörður og eftirlit með framkvæmd reglnanna.

- 7.1. Innan Virðingar skal starfa regluvörður sem skal tilnefndur af stjórn. Þess skal gætt að staða regluvarðar í skipuriti Virðingar tryggi honum sjálfstæði í störfum gagnvart þeim sviðum innan félagsins sem eftirlit hans lýtur að. Einnig skal tilnefna staðgengil regluverðar, sem unnt er að leita til ef ekki reynist unnt að ná til regluvarðar. Starf regluvarðar lýtur eftirliti innri endurskoðunar Virðingar, sem m.a. skal taka afstöðu til verðbréfiðskipta regluvarðar.
- 7.2. Regluvörður hefur eftirfarandi hlutverk:
 - a) hefur eftirlit með því að ákvæðum þessara reglna sé fylgt, þar með talið reglum um viðskipti starfsmanna, þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri, aðskilnað starfssviða og viðskipti Virðingar fyrir eigin reikning.
 - b) heldur skrá um viðskipti starfsmanna á grundvelli reglna þessara og undanþágur sem veittar hafa verið frá þeim.
 - c) hefur forgöngu um túlkun reglnanna og tekur ákvarðanir samkvæmt efni þeirra.
 - d) annast kynningu og endurmenntun á reglunum innan Virðingar.
 - e) heldur skrá yfir starfsmenn sem starfa á milli starfssviða sem eru aðskilin.
 - f) hefur yfirsýn yfir stöðutöku félagsins sjálfs til að geta lagt mat á hvort viðskipti starfsmanna með sömu verðbréf séu tortryggileg.
 - g) tekur við kvörtunum frá viðskiptavinum um meint brot á reglum þessum og beinir þeim í réttan farveg. Halda skal skrá um kvartanir.
 - h) annast eftirlit með virkni kínamára.
 - i) hefur eftirlit með viðskiptum fyrirtækisins sjálfs.
 - j) önnur verkefni sem honum eru sérstaklega falin.
- 7.3. Regluvörður skal hafa aðgang að öllum þeim upplýsingum innan Virðingar sem eru nauðsynlegar vegna starfs hans. Starfsmönnum er skylt að veita honum allar þær upplýsingar sem hann óskar eftir svo fljótt sem unnt er.

- 7.4. Starfsmönnum er skylt að tilkynna regluverði ef hjá þeim vaknar grunur um að reglur þessar hafi verið brotnar.

8.0. Yfirlýsing starfsmanns

Starfsmenn skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og maka sínum reglur þessar og skuldbindi sig til að hlíta þeim. Starfi maki hjá öðru fjármálafyrirtæki og hafi hann undirritað sambærilega yfirlýsingu vegna reglna sem gilda um viðskipti starfsmanna þess, skulu ákvæði þeirra reglna gilda um viðskipti viðkomandi maka.

9.0. Viðurlög o.fl.

- 9.1. Brot gegn reglum þessum geta varðað áminningu, brottvikningu úr starfi og/eða refsingu samkvæmt lögum.
- 9.2. Að öðru leyti en því sem greinir í reglum þessum gilda ákvæði laga nr. 108/2007, og stjórnvaldsfyrirmæli sett á grunni þeirra, um viðskipti þeirra sem reglurnar taka til.
- 9.3. Leitast skal við eftir fremsta megni að bakfæra viðskipti sem hafa átt sér stað og fela í sér brot á reglum þessum.

Þess skal gætt að reglur þessar séu aðgengilegar viðskiptavinum Virðingar.

Þannig samþykkt af stjórn félagsins.